

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/64/54

frá 7. mars 2011

**um fyrri losun frá flugi skv. 4. mgr. 3. gr. c í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins**

(tilkynnt með númeri C(2011) 1328)

(2011/149/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 3. gr. c,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Heildarfjöldi losunarheimilda sem skal úthluta til umráðenda loftfara er fastsettur í 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB. Fjöldi þessi er skilgreindur sem hundruðshluti fyrir losunar frá flugi. Í s-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB er fyrri losun frá flugi skilgreind sem meðaltal árlegrar losunar á almanaksárunum 2004, 2005 og 2006 frá loftförum í flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Heildarfjöldi losunarheimilda sem úthluta á til umráðenda loftfara skal reiknaður á grundvelli þessa meðaltals fyrir losunar, skv. 2. og 3. mgr. 3. gr. c í þeirri tilskipun.
- (2) Samkvæmt ákvæðum 18. gr. b í tilskipun 2003/87/EB hefur framkvæmdastjórnin notið aðstoðar Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu. Ítarleg gögn um flugumferð úr gagnagrunni Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, frá aðalskrifstofu sem sér um að innheimta leiðargjöld og frá yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar, voru talin bestu tiltæku gögnin til útreiknings á fyrri losun. Þar kemur m.a. fram útreikningur á raunverulegri lengd flugleiðar fyrir hverja einstaka flugferð. Losun var síðan reiknuð út fyrir hverja flugferð fyrir sig með því að nota ANCAT-3 (aðferð til að draga úr óþægindum af völdum flutninga í lofti, e. *Abatement of Nuisances Caused by Air Transport*) og CASE (aðferð við útreikning á losun með valvísu jafngildi, e. *Calculation of Emissions by Selective Equivalence*) aðferðina. Þessi aðferð við útreikning á fyrri losun var þróuð frekar með því að nota upplýsingar um raunverulega eldsneytiseyðslu,

sem dæmigerður fjöldi af umráðendum loftfara veittu sjálfviljugir, og stuðlaði það að aukinni nákvæmni reiknilíkansins. Viðbótarútreikningar voru framkvæmdir til að gera grein fyrir eldsneytiseyðslu sem tengist notkun á aukaafstöðvum. Aðferðin sem notuð var fól í sér að ákvarða fyrst meðaleldsneytiseyðslu aukaafstöðva hjá ólíkum tegundum loftfara. Einstakir losunarstuðlar vegna eldsneytiseyðslu aukaafstöðva voru síðan framreiknaðir til að reikna út heildarlosun frá aukaafstöðvunum, með því að beita aðferð sem tók tillit til raunverulegs hluta eldsneytisnotkunar vegna flugferða í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, fyrir hverja tegund loftfars og notkun aflgjafa á jörðu á flugstöðvum. Losun sem samsvarar heildareldsneytiseyðslu aukaafstöðvanna sem út kom var bætt við fyrri losun frá flugi fyrir hvert árána 2004, 2005 og 2006.

- (3) Á almanaksárinu 2004 var árleg losun frá flugförum, í flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, talin vera 209 123 585 tonn af koltvísýringi. Árlega losunin frá slíkum flugförum á almanaksárinu 2005 var talin vera 220 703 342 tonn af koltvísýringi og árlega losunin frá slíkum flugförum á almanaksárinu 2006 var talin vera 228 602 103 tonn af koltvísýringi. Fyrri losun frá flugi, skilgreind sem meðaltal þessarar losunar, nemur því 219 476 343 tonnum af koltvísýringi.
- (4) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við nefndina um loftslagsbreytingar sem komið var á fót skv. 9. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar <sup>(2)</sup>.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Fyrri losun frá flugi að því er varðar 1. og 2. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB er fastsett við 219 476 343 tonn af koltvísýringi.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 61, 8.3.2011, bls. 42. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 74.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. mars 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Connie HEDEGAARD

*framkvæmdastjóri.*

---